



1. fundur í aðalstjórn Aftureldingar þriðjudaginn 18. apríl 2017

Haldinn á skrifstofu Aftureldingar að Varmá kl. 18:15

Mætt: Mætt: Dagný Kristinsdóttir (DK), Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Geirarður Long (GL), Krístrún Kristjánsdóttir (KK), Anna Fríða Magnúsdóttir (AFM), Kjartan Þór Reinholdsson (KPR) og Sigurður Rúnar (SR).

Auk þeirra sat Jón Júlíus Karlsson framkvæmdastjóri fundinn.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fyrsta fund nýrrar aðalstjórnar.

Aðalstjórn óskar nýkrýndum bikarmeisturum í meistaraflokki karla og kvenna í blaki hjartanlega til hamingju með titlana sína.

1. Skipan nýrrar stjórnar og verkaskipting hennar

Formaður: Dagný Kristinsdóttir

Tillaga formanns:

Varaformaður: Kjartan Þ. Reinholdsson

Gjaldkeri: Birna Kristín Jónsdóttir

Ritari: Krístrún Kristjánsdóttir

Samþykkt samhljóða

Auk þeirra eru:

Geirarður Long meðstjórnandi

Sigurður Rúnar varamaður í stjórn

Anna Fríða varamaður í stjórn

Formaður ræddi jafnframt um þau fjölmörgu verkefni sem lögju fyrir. Má þar nefnda stefnumótun, samningaviðræður, ráðning íþróttafulltrúa svo nokkur séu nefnd, ásamt fleiri verkefnum sem þarf að skoða til að skerpa á starfinu og gera gott starf betra. Verður rætt frekar á næsta fundi þar sem stjórnin skiptir verkefnum á milli sín.

2. Málefni handboltadeildar

Farið var yfir niðurstöður fundar með stjórn BUR handboltadeildar sem haldinn var fyrir fund aðalstjórnar.

Sigurður Rúnar fór yfir fjárhagsstöðu BUR og meistaraflokks kvk út frá greiningum á fjármálum deildanna, sem var kynnt á fundi með stjórn BUR.

Mat aðalstjórnar er að rekstur þessara ráða sé ekki sjálfbær og fjárhagsleg endurskipulagning

nauðsynleg.

Gera þarf sem fyrst raunhæfar rekstraráætlanir og áætlanir um skuldauppgjör. Á grundvelli þeirra verða teknar ákvarðanir um frekari fjárhagslegan stuðning frá aðalstjórn.

Samþykkt að hlunnindi formanns handboltadeildar skuli afnumin og leitað allra leiða til að lágmarka rekstrarkostnað.

Næstu skref:

Aðalstjórn heldur virku eftirliti með fjármálunum á næstu vikum og mánuðum.

Stjórnir BUR og meistaraflokks kvenna hittast og fara yfir málin.

Framkvæmastjóri boðar aftur til fundar í næstu viku.

3. Stefnumótun Aftureldingar

Þjóðfundur Aftureldingar verður haldinn 6.maí næstkomandi í Lágafellsskóla. Framkvæmdastjóri sendir út fundarboð á allar stjórnir félagsins, ásamt foreldraráðum. Boðið verður upp á veitingar.

Aðalstjórn óskar eftir því að stjórnir deilda,foreldraráð, þjálfarar og aðrir áhugasamir komi og hafi áhrif á næstu 3 ár í okkar starfi og framtíðarsýn félagsins. Málefni sem verða efst á baugi eru aðstöðumál, afreksmál ásamt mörgu öðru. Purfum líka að líta yfir farinn veg og skoða hvar við stöndum.

4. Umsækjendur um stöðu íþróttafulltrúa

19 umsóknir bárust um stöðu íþróttafulltrúa.

Farið var í gegnum umsóknirnar og ákveðið að boða 8 til viðtals.

Kjartan, Anna Fríða og Geirarður taka viðtöl með framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri stýrir ráðningarferlinu.

5. Önnur mál

- Hreinsunardagur
 - Haldinn 20. -23. apríl
 - Allar deildir taka þátt sem vilja.
 - Framkvæmdastjóri sendir út plan til deilda 19. apríl

- Formannafundur.
 - verður haldinn 18. maí
 - staðsetning auglýst síðar.
 - Ákveðið að hafa stutt erindi, spjall og samveru í lok vetrar

- 17. júní kaffi
 - Ákveðið að framkvæmdastjóri sendi póst og óski eftir áhugasömum aðilum til að standa að kaffisölu í Hlégarði.

- Fundartími aðalstjórnar
 - AFM og KK komu með tillögu að færa fundi aðalstjórnar yfir á þriðjudaga og byrja aðeins fyrr.
 - Samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 20.45
Dagný Kristinsdóttir.
(sign).